

hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 29. desember f. á. til 21. janúar s. l.

Framantalið afbrot ákærðs ber að álitum dómars að heimfæra undir 256. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði. Hann greiði og Ólafi Kvaran, fyrir hönd Landssímans kr. 4721,28, og Önnu Þórhallsdóttur, fyrir hönd Bæjarsíma Reykjavíkur kr. 4200,65, hvorttveggja með 5% vöxtum frá 1. janúar 1933, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 18. dez. 1933.

Nr. 189/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Hermann Lunder (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 9. sept. 1932: Kærði, Hermann Lunder, á að greiða sekt að upphæð kr. 16900,00 innan fjöggra vikna í Landhelgissjóð Íslands, en sæta 9 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum, „Hans Joachim“ P. G. 322 frá Geestemünde, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á miðanir og mælingar eftirlitsskips-

ins Fylla, og sýnir uppdráttur þessi stað þann, er kærði nam staðar á með botnvörpu úti, stað eftirlitsskipsins á ýmsum tímum og miðunarlinur til skips kærða, er kemur í öllum aðalatriðum heim við sjóuppdrátt þann, er foringi eftirlitsskipsins lagði fram við rannsókn málsins í lögregluréttinum.

Kærði hefir neitað því, að hafa fiskað inni í landhelgissvæðinu í umrætt skipti, og af hálfu verjanda hans í hæstarétti hefir verið lagt fram langt álitsskjal frá þýzkum sérfræðingi í siglingafræðum, þar sem leitast er við að sanna, að hinar ýmsu staðarmælingar og miðunarlinur eftirlitsskipsins, er gerðar voru frá því eftirlitsskipið sá umræddan togara Hans Joachim P.G. 322 kl. 3,25 árdegis hinn 7. sept. 1932, þar til hann nam staðar kl. 4 árd., séu óábyggilegar, og er því jafnvel haldið fram þar, að eftirlitsskipið hafi við miðanir sínar til skips kærða hlotið að villast á því og öðru skipi.

Um þessa síðastnefndu staðhæfingu hefir foringi eftirlitsskipsins tekið það fram, að það sé alveg útilokað, eftir því sem eftirlitinu hafi verið hagað og eftir öllum staðháttum að öðru leyti, að villst hafi verið á skipi kærða og öðru skipi. Og þar sem það er eigi vefengt, að tókustaður togarans var skammt utan við landhelgilinuna, í mesta lagi $\frac{1}{4}$ úr sjómilu utan hennar, og þar sem það verður að teljast sannað með skýrslu eftirlitsskipsins, að togarinn hafi frá því kl. 3,38 til kl. 4, eða í 22 mínútur haldið í suðlæga stefnu, þ. e. út úr landhelginni, og þar sem það enn fremur er viðurkennt, að skip kærða hafi allan þennan tíma verið að fiska með botnvörpu í sjó, þá er þar með fengin sönnun fyrir því, að kærði hafi gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða lögregluréttar-dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst 18500 kr. með tilliti til núverandi gullgengis hinnar íslenzku krónu, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á rekstri máls þessa, á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að verjandi kærða í hæstarétti hefir útvegað sakargögn frá útlöndum, en þar sem honum hafa borizt skjöl þessi í janúarmánuði síðastl., en hefir eigi komið skjölum málsins frá sér til fjölrítunar fyrr en í maímán., verður eigi komizt hjá að finna að þessum drætti á afgreiðslu málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hermann Lunder, skipstjóri á botnvörpuskipinu P.G. 322 „Hans Joachim“ frá Gestemünde, greiði 18500 kr. sekt í Landhelgis-sjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna

Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með kæru, dags. 7. þ. m., kærði yfirfönginn á varðskipinu „Fylla“, v. Lowzow, skipstjóra Hermann Lunder, á togaranum „Hans Joachim“ P. G. 322 frá Geestemünde, fyrir að hafa milli kl. 3,25 og 4 s. l. miðvikudag verið að fiska með botnvörpu á landhelgissvæðinu undan Mýrdalsvík. Málavextir eru þessir:

Nefndan morgun kom varðskipið á vesturleið meðfram söndunum og undan Hjörleifshöfða. Var varðskipið innan landhelgislinunnar. Þegar þeir voru, kl. 3,25, komnir nálægt Kötlutanga, urðu þeir varir við fjóra togara, sem virtust grunsamlega nálægt landi, voru tveir þeirra nær landi en hinir og voru þegar í stað teknar miðanir með gyroskoppkúpás til þeirra tveggja og reyndust þeir í sömu miðunarlínu með 400 metra millibili. Lína þessi rann í gegnum landhelgissvæðið, miðað frá Fyllu, um 15 til 16 sjómílur, svo vitanlegt var, ef linan var rétt sett, að skipin voru bæði á landhelgissvæðinu, enda þótt ekki hafi verið hægt að ákveða hvar, því að annars hefðu þau ekki sést frá „Fyllu“. Annað þessara skipa var skip kærða, togarinn „Hans Joachim“. Eftir þetta tóku þeir á varðskipinu tvær samskonar miðanir og höfðu togararnir fyrst nálgast landið en síðan, kl. 3,32 fjarlægzt það og úr því, eftir hinum framlagða uppdrætti, haldið út á við. Þegar klukkan var 3,43 var tekin ný miðun, en um leið mælt með fjarlægðarmæli hve langt togararnir voru frá „Fyllu“ og með því ákveðinn staður þeirra í miðunarlínunni. Þetta var síðan gert aftur bæði kt. 3,46, kl. 3,51 og kl. 3,54 og reyndust báðir togararnir öll sinnin á landhelgissvæðinu, og samræmi í miðunum þessum og mælingum. Kl. 4,00 stöðvaði togarinn „Hans Joachim“ eftir að Fylla hafði gefið stöðvunarmerki og skotið lausu skoti og kl. 4,02 gerðu þeir á Fylla staðarákvarðanir með hornmælingum, þar er þá

var orðið nægilega bjart til þess og reyndist staður togarans „Hans Joachim“ ca. 0,16 sjómilur fyrir utan landhelgislinuna.

Hinn kærði skipstjóri var ekki á þilfari togarans meðan þetta gerðist, en fyrsti stýrimaður hans var á stjórnþalli. Hefir hann kannast við, að skipið hafi verið að toga umrætt tímabil, enda var skipið með vörpu í sjó þegar varðskipið kom að því. Enda þótt álita mætti samkvæmt eiðfestum framburði 1. stýrimanns togarans um að togarinn hafi ekki umrætt tímabil farið beina leið og eftir yfirlýsingu sjóliðsforingja þess af Fyllu, sem mætti í réttinum, um að togarinn hefði orðið að fara 3 sjóm. á klst. síðustu 22 mínúturnar með vörpu í sjó, að miðunarlinurnar I—III á skýrslu yfirforingjans og á uppdrættinum væri ekki alveg nákvæmar og enda þótt það sé ósannað mál hvar í þessum línum skip ákærða var, þá skiptir þetta engu um úrslit málsins, því að eins og áður er sagt, reyndist fullkomið samræmi í öllum þeim sjómælingum, sem þeir á varðskipinu gerðu, að skip kærða væri á landhelgissvæðinu og því alls engin ástæða til að véfengja að svo hafi verið. Gegn þessu hafa engar líkur eða sannanir komið, er geri miðanir með fjarlægðarmælingum varðskipsmanna á „Fyllu“ tortryggilegar og hlýtur rétturinn að byggja á þeim.

Eftir þessu þykir talið sannað, að hinn kærði skipstjóri hafi gert sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Þar eð þetta er fyrsta brot hans gegn þessum lögum og með tilliti til þess, að gengi 100 islenzkra króna er í dag 58,46 gullkrónur, þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin sekt að upphæð 16900,00 krónur, sem rennur í Landhelgissjóð Íslands og greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 9 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli í áðurnefndum togara vera upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.